

# Samtök forstöðumanna sundstaða á Íslandi

Ráðstefna og aðalfundur haldinn í Borgarbyggð, Hótel Borgarnesi 10.október 2008

Mættir; Sjá skráningarlista

Breyting varð á dagskrá vegna forfalla. Mike Walsh sem kynna átti háprýstings sandsíur og bakka kerfi kemur ekki. Páll Halldórsson frá Metatron mun sjá um kynninguna í hans stað.

Dagskrá:

Kl. 09:30 Setning og afhending gagna

Kl. 09:45 Kynning frá Siemens Water Technology á nýjungum í sóttreinsun vatns með UV geislun - Mikel Ferri – sjá glærur á heimasíðu undir „fræðsluefni”

Kynning frá Natare Corporation á virkni High rate sand filters og bakka kerfi - Mike Walsh - sjá glærur á heimasíðu undir „fræðsluefni”

Kl. 11:00 Kynning frá DAVO á SwimEye öryggismyndavélakerfi - Morten Larsen og Tina Kehlet-Munk -sjá glærur á heimasíðu undir „fræðsluefni”

Kl. 12:15 Matur

Kl. 13:15 Kynning á klórframleiðslu úr salti – Ólafur Gunnarsson - sjá glærur á heimasíðu undir „fræðsluefni”

Kl. 14:00 Erindi og umræður um samfélagslegan þátt sundlauga – Guðrún Arna Gylfadóttir og Indriði Jósafatsson - sjá glærur á heimasíðu undir „fræðsluefni”

15:00 Aðalfundur SFSÍ skv. lögum félagsins

1. Formaður, Pétur Birgisson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
2. Formaður tilnefndi Gunnar Hallson sem fundarstjóra og Guðrúnu Örnú Gylfadóttur sem fundarritara. Samþykkt.
3. Fundarstjóri gaf formanni félagsins orðið um skýrslu stjórnar:

## Skýrsla stjórnar SFSÍ árið 2007 - 2008

### Stjórnina skipuðu:

Pétur Magnús Birgisson, formaður  
Guðmundur Ísidórsson, gjaldkeri  
Guðrún Arna Gylfadóttir, ritari  
Sveinn Rúnar Arason, meðstjórnandi  
Gunnar Hallsson, meðstjórnandi

Á liðnu stjórnarári voru haldnir sjö stjórnarfundir. Á fyrsta stjórnarfundi skipti stjórn með sér verkum. Fræðslu- og öryggismál voru ofarlega á baugi hjá stjórninni á starfsárinu og fór nokkur tími í umræðu um þau mál. Eins var nokkur umræða um kynningu á samtökunum inn á við og út á við, það þarf að gera með markvissum hætti svo sveitarstjórnarmenn og aðrir viti af samtökum. Því miður gat verið erfitt að ná öllum stjórnarmönnum saman á fund, af ýmsum ástæðum. Sú landfræðilega breidd sem stjórnin hefur kom sér bæði vel og illa. Illa af því það gat verið erfitt að hittast en

vel vegna málefna sem rædd voru í stjórn. Við vonum að sem flest sjónarmið félagsmanna hafi endurspeglast inn í stjórn samtakanna.

Guðrún Arna hefur séð um heimasíðu samtakanna. Allar tekjur sem aflast með auglýsingum á heimasíðu SFSÍ renna óskiptar í Fræðslu- og styrktarsjóð sem hefur það að markmiði að auðvelda félögum að kynna sér ýmis málefni. Vill stjórnin hvetja félagsmenn að sækja um fræðslustyrki en eins og þið vitið eru þessir styrkir skilyrtir, þ.e. að segja að deila fræðslunni með öðrum félagsmönnum. Auk auglýsingatekna rennur framlag úr félagssjóði til fræðslumála.

Á síðasta aðalfundi óskaði stjórn samtakanna eftir því að Kjör- og ritnefnd og Ferða- og fræðslunefnd sætu áfram.

Í kjör og ritnefnd eru Guðmundur Harðarson, Hafliði Halldórsson og Daníel Pétursson. Tengiliður stjórnar var Gunnar Hallsson.

Markmið Kjör- og ritnefndar er að afla uppbyggjandi efnis sem deila má með félagsmönnum en þá eru ekki undanskildir aðrir félagsmenn sem hvattir eru til að koma á framfæri efni til þeirra. Annað sem nefndin hefur með að gera er að sækjast eftir tillögum og útnefningum fyrir aðalfund samtakanna í stjórn og nefndir. Vill stjórn samtakanna þakka þessum aðilum fyrir þeirra störf.

Í Ferða- og fræðslunefnd eru Ólafur Gunnarsson, Hartmann Kárason og Logi Sigurfinnsson. Tengiliður stjórnar var Pétur Magnús Birgisson. Markmið nefndarinnar er að koma á framfæri fræðslu til félagsmanna og stuðla að fræðsluferðum fyrir félagsmenn. Ein slík ferð er þegar fyrirhuguð nú í nóvember til Gautaborgar. Nefndin hefur verið að viðá að sér efni um hvernig mætti koma á framfæri meiri fræðslu til félagsmanna og annarra starfsmanna sundstaða. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram og var brugðið á það ráð að leita liðsinnis Sambands íslenskra sveitarfélaga, því nokkur kostnaður fylgir fræðslunni sem okkar samtök hafa ekki bolmagn til að sjá um. Svar hefur ekki enn borist frá Sambandinu en við lifum en í voninni. Afrit af bréfinu er sett sem viðhengi í skýrslu stjórnar. Vill stjórn samtakanna þakka þessum aðilum fyrir þeirra störf.

Á árinu fjölgaði starfsstöðum sem eru meðlimir í SFSÍ um tvo. Skráðir sund- og baðstaðir eru 68, félagsmenn 77.

Stjórn samtakanna hvetur félagsmenn til að veita stjórninni aðhald með því að koma með ábendingar um uppbyggjandi málefni sem geta nýst öllum félagsmönnum. Samtökin eru þeir virku félagsmenn sem í samtökunum eru. Til að samtökin geti þróast þurfa allir félagsmenn að vera virkir og stefna að framförum og fræðslu.

Borgarnesi 10. október 2008

4. Ársreikningar lagðir fram og gerði Guðmundur Ísidórsson gjaldkeri þeim skil. Ekki voru gerðar athugasemdir við reikningana – sjá ársreikninga SFSÍ 01.10.2007-30.09.2008 sem dreift var á fundi.
5. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinn.
6. Stjórn lagði til að félagsgjöld héldust óbreytt næsta starfsár. Samþykkt..
7. Kosning stjórnar. Kjörnefnd óskar eftir að fá að leggja fram tillögur í kjör formanns, meðstjórnanda, kjör-og ritnefnd, ferða-og fræðslunefnd og skoðunarmenn undir sama lið. Samþykkt.  
Formaður; Gunnar Hallsson  
Meðstjórnandi; Þórdís Eygló Sigurðardóttir  
Kjör- og ritnefnd; Hafliði Halldórsson, Vignir Sveinsson og Þórhallur Svavarsson.  
Ferða- og fræðslunefnd; Pétur M. Birgisson, Björg Snjólfsdóttir og Jóhann Bæring Gunnarsson.  
Skoðunarmenn; Jón Hjálmarsson og Daníel L. Pétursson.  
Tillagan var samþykkt einróma.  
Stjórn SFSÍ starfsárið 2008-9 skipa þá;  
Gunnar Hallsson formaður, Guðmundur Ísidórsson, Guðrún Arna Gylfadóttir, Sveinn Rúnar Arason og Þórdís Eygló Sigurðardóttir.
8. sjá lið 7.
9. sjá lið 7.
10. Önnur mál;
  - Þórdís E. Sigurðardóttir flutti tillögu frá forstöðumönnum á Suðurlandi. Lagt er til að félagar fái útgefið svokallað meðlimakort sem gæfi þeim frían aðgang að sundstöðum innan félagsins. Fundur vísaði tillögunni til næstu stjórnar.
  - Hartmann Kárason skoraði á féлага að endurskoða gjaldskrár sund- og baðstaða þ.e. lækka ársaðgang en hækka stök gjöld. Reynsla Bláa lónsins sýnir að þeir gestir sem greiða stakt gjald, þ.e. koma einu sinni, eru reiðubúnir til að greiða mun hærra gjald.
  - Pétur Birgisson mælti fyrir tillögu frá stjórn um breyttar reglur um styrktar- og fræðslusjóð SFSÍ. Lagt er til að í stað 25% af félagsgjöldum renni til sjóðsins, renni 35% af félagsgjöldum. Einnig er lagt til að hámarks styrkuppæð hækki úr 20.000 kr. í allt að 40.000 kr. og fari það eftir stöðu sjóðsins hverju sinni. Tillagan samþykkt einróma.
  - Daníel Pétursson bauð að næsti aðalfundur yrði haldinn í Hafnarfirði. Samþykkt.
  - Jóhann B. Gunnarsson vakti athygli á því að af þeim 25 sem stigið hefðu í pontu væru aðeins 5 af þeim konur. Daníel Pétursson kom að vísu 6 sinnum upp. (Athyglisvert)
  - Pétur Birgisson fráfarandi formaður steig í pontu og þakkaði félögum og stjórn gott samstarf á starfsárinu.